



Kennari/ar: Guðfinna Gunnarsdóttir **Skammstöfun:** GG

Áfangalýsing: Í áfanganum þjálfast nemendur í undirstöðuatríðum leiklistar svo sem persónusköpun, spuna og látbragðsleik. Nemendur lesa ljóð, fara með ræður, lesa leikrit og þjálfast í að sviðsetja þau. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á hinu fjölpætta eðli leiklistarinnar og hvernig hún tengist á órjúfanlegan hátt öðrum listgreinum. Kynnt eru hugtök og orðaforði sem tengist greininni. Nemendur eru þjálfaðir í ýmsum spunaaðferðum sem nýtast í leiklist. Unnið verður með sagnaaðferðir og grímur, einnig tekist á við textavinnu og verkfærakista leikarans stækkuð. Leikgleði og líkamleg meðvitund efst á baugi. Hópvinna, paravinna og einstaklingsvinna.

Markmið: Nemandi:

- Fá tilfinningu fyrir líkama sínum og rödd sem verkfæri í leiklist.
- Öðlist skilning á rými og líkamsvitund.
- fá reynslu í hópavinnu.
- Læri grunnhugtök í leiklist.
- Læri að vinna með grímur.
- Geti rætt um persónusköpun
- Læri að vinna með texta
- öðlist öryggi og sjálfstraust á leiksviði.

Námsefni: Textar og annað efni frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil: Unnið verður jafnóðum með stöðugum æfingum sem kennari metur inn í einkunn. Á miðri önn verður sérverkefni tengt leikhúsferð. Lokaverkefni verður sýning á stuttverkum

Nemendur skila dagbók í lok annar.

Sérreglur áfangans: Mjög mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma með bros á vör og jákvæðni að leiðarljósi. Tímaástundun spilar stóran þátt í árangri og vinnu. Mikil hreyfing er í áfanganum og því mikilvægt að nemendur mæti í tíma í þægilegum klæðnaði.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verkefni á önninni	Vinna á önninni miðast við frammistöðu, áhuga og atorkusemi í tímum.	30%
Vinnubók	Dagbók þar sem nemendur skrifa um hvern tíma, hvað var gert og hvernig nemandi metur það sem lærðist.	20%

Sérverkefni	Verkefni tengt leikhúsfærð	10%
Mæting	Sérstök einkunn er gefin fyrir ástundun, stundvísi og mætingu	10%
Lokaverkefni	Stuttverkahátíð	20%
Gjörningur	Verkefni á miðri önn	10%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar. Guðfinna Gunnarsdóttir.